

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 18. mars 2020

Mál nr. E-1564/2019:

X

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 4. mars 2020, var höfðað 8. apríl 2019 af X, [...], [...], gegn íslenska ríkinu.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða honum 2.500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. janúar 2018 til dómsuppsögu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda lægri fjárhæð að álitni dómsins. Þá er í báðum tilvikum krafist málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara að stefnukrafa verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn falla niður.

I

Helstu málsatvik

Mál þetta verður rakið til þess að hinn 1. janúar 2018, kl. 18:20, barst lögreglu tilkynning um innbrot á verkstæði við [...] þar sem kveikjuláslyklum að þremur bifreiðum hafði verið stolið og síðan bifreiðunum sem voru fyrir utan verkstæðið. Eigandi verkstæðisins fór sjálfur að leita að bifreiðunum og fann eina þeirra á bifreiðastæði við [...]. Á meðan hann beið eftir dráttarbifreið komu tveir menn á bifreiðinni [...], Nissan [...], sem var ein þeirra þriggja bifreiða sem hafði verið stolið. Annar maðurinn fór út úr bifreiðinni og gerði sig líklegan til þess að fara yfir í hina bifreiðina. Þegar tilkynnandi gaf sig á tal við hann hljóp hann burtu. Hinn maðurinn ók á brott á Nissan-bifreiðinni og það reyndist vera stefnandi. Hann var handtekinn við [...] kl. 22:53. Í bifreiðinni fundust munir sem lögregla taldi vera þýfi.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 2. janúar 2018 tók stefnandi fram að hann hefði verið beðinn um að færa bifreiðina frá [...] og hefði hann fengið lykla afhenta. Hann hefði keyrt bifreiðina af stað og ætlað að fara með hana í bílastæðakjallara við [...]. Hann vildi ekki segja frá því hver hefði beðið hann um þetta þar sem hann vildi ekki lenda í vandræðum eða hefndaraðgerðum. Fram kom að viðkomandi hefði að minnsta

kosti verið með eina aðra bifreið í umráðum sínum. Þá kom meðal annars fram að viðkomandi hefði fengið lykla frá Pólverja sem þeir hefðu hitt, en hann hefði áður verið á Litla Hrauni og þannig hefði þetta „allt saman“ byrjað með því að þeir hittu Pólverjann. Stefnandi var jafnframt spurður: „Þetta er síminn hans A?“ og hann svaraði því játandi og aðspurður um hvers vegna síminn hefði verið í bílnum sagði stefnandi: „Ég veit ekki af hverju hann tók hann ekki með sér.“ Þá var stefnandi spurður hvort þeir hefðu báðir verið í bílnum á einhverjum tímapunkti og svaraði hann því játandi og tók fram að þeir hefðu verið heillengi að rúnta um á bílnum, en hann að verið að mestu sofandi. Aðspurður um þá muni sem stefnandi vissi hvaðan komu sagði stefnandi: „Hann stal þeim meðan ég var hálfsofandi í farþegasætinu.“ Stefnandi viðurkenndi að hann hefði neytt ýmissa fíkniefna og lyfja fyrir aksturinn, hefði meðal annars tekið rítalín rétt fyrir aksturinn. Hann staðfesti að hann hefði fundið fyrir áhrifum við aksturinn og að hann væri ökuréttindalaus. Þá svaraði stefnandi ýmsum spurningum um þá muni sem fundust í bifreiðinni og upplýsti að A hefði stolið tilteknum munum á meðan stefnandi hefði verið hálfsofandi í farþegasætinu. Hann kvaðst ekki vita hvaðan ýmsir aðrir munir sem fundust í bifreiðinni væru komnir. Stefnandi tók fram að hann hefði ekki stolið bílunum og væri fastur í aðstæðum sem hann væri að reyna að losna úr.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 2. janúar 2018 í máli nr. R-2/2018 var fallist á kröfu lögreglunnar um að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi og einangrun til kl. 16:00 hinn 5. janúar 2018. Talið var að stefnandi lægi undir rökstuddum grun um að hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að hann gæti torvelað rannsókn málsins héldi hann óskertu frelsi, sbr. a-lið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og 1. mgr. 99. gr. sömu laga.

Tekin var skýrsla af stefnanda hjá lögreglu 4. janúar 2018. Hann tók þar meðal annars fram að hann hefði farið í [...] ásamt manni sem hann nafngreindi sem Aog Pólverja sem hefði verið með lykla að verkstæðinu. Pólverjinn hefði verið á Litla-Hrauni einhvern tímann. Fram kom að stefnandi hefði ekki vitað hvað stæði til. Þetta hefði gerst hratt og allt í einu hefðu þeir verið komnir á [...] Benz og farið á [...], rétt hjá [...], þar sem Pólverjinn hefði brotist inn í eitthvert fyrirtæki og þeir skilið hann eftir þar. Stefnandi og A hefðu síðan farið á rúntinn á [...] Benz-bifreiðinni. Fram kom að stefnandi hefði átt að fara með [...] Nissan-bifreið í bílageymslu í [...] og að hann hefði vitað að bifreiðinni hefði verið stolið. Þá kom meðal annars fram að stefnandi hefði ásamt A hitt mann að nafni B fyrir utan [...]. Að lokinni skýrslutöku kl. 12:35 var stefnandi leystur úr gæsluvarðhaldi.

Með bréfi 4. maí 2018 var stefnanda tilkynnt að rannsókn á máli nr. 007-2018-185 sem varðaði meintan nytjastuld hefði verið felld niður að því er varðaði hans þátt í brotinu. Stefnandi krafðist bóta frá stefnda vegna þess gæsluvarðhalds sem hann sætti

með bréfi 17. desember 2018. Þessu erindi var hafnað með bréfi stefnda 3. apríl 2019 með vísan til þess að stefnandi ætti ekki rétt á bótum þar sem hann hefði sjálfur valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisti kröfu sína á, sbr. 2. málsli. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því að hann hafi að ósekju sætt gæsluvarðhaldi frá 2. til 5. janúar 2018, en varakröfu á því að gæsluvarðhaldið hafi staðið lengur en efni stóðu til. Tekið er fram að frelsissvipting í þágu rannsóknar sakamáls á grundvelli laga nr. 88/2008 sé alvarleg skerðing á mannréttindum. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 246. gr. sömu laga eigi einstaklingur rétt á skaðabótum fyrir fjárhagslegt tjón og miska vegna aðgerða samkvæmt IX. til XIV. kafla laganna, þar með talið vegna gæsluvarðhalds, komi í ljós að sakargiftir sem á hann hafi verið bornar reynist ekki réttar eða sönnun hafi ekki tekist um þær. Komi aðeins til álita að lækka bætur eða fella þær niður hafi sakborningur sjálfur valdið eða stuðlað að því að til aðgerða hafi verið gripið gagnvart honum eða þeim viðhaldið, sbr. 2. málslið 2. mgr. 246. gr. laganna, en það eigi ekki við í tilviki stefnanda.

Líta verði til þess að með gildistöku laga nr. 88/2008 hafi skilyrði fyrir bótum verið rýmkuð frá því sem gilti samkvæmt eldri lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hafi áskilnaður um að ekki hafi verið nægilegt tilefni til aðgerða lögreglu meðal annars verið felldur á brott, sbr. a- og b-liði 176. gr. laga nr. 19/1991. Orðalag 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 sé nú afdráttarlaust og þar mælt fyrir um hlutlægan bótarétt að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Rannsókn lögreglu vegna meints brots stefnanda hafi verið felld niður, en sú rannsókn hafi verið ástæða þess að hann sat í gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna frá 2. til 5. janúar 2018. Það samrýmist ekki grundvallarhugsuninni um réttarríki að úrskurða stefnanda í gæsluvarðhald, eins og hafi verið gert, enda hafi hann strax í upphafi skýlaust játað akstur án ökuréttinda og undir áhrifum fíkniefna. Þá hafi stefnandi gert lögreglunni ljóst að hann hefði ekki átt neinn þátt í þeim þjófnaði sem hann var grunaður um. Hafi því strax á fyrsta degi rannsóknar legið fyrir að stefnandi væri ekki sekur um þá háttsemi sem hefði verið grundvöllur gæsluvarðhaldsins.

Stefnandi hafi setið saklaus í gæsluvarðhaldi í fjóra daga og hafi það valdið honum miska sem felist í mannorðsmissi, þjáningum og óþægindum vegna framangreindrar rannsóknar, frelsissviptingar og málaferla. Frelsissvipting sem þessi sé alvarleg skerðing á mannréttindum, auk þess sem hún sé mikil andleg þrekraun. Þá hafi stefnandi sætt einangrun á gæsluvarðhaldstímanum, heimsóknarbanni, bréfaskoðun og fjölmiðlabanni.

Stefnandi krefst aðallega 2.500.000 króna í miskabætur, en til vara er byggt á því að jafnvel þó að gæsluvarðhaldið verði ekki talið hafa verið að tilefnislausu frá upphafi hafi það staðið lengur en nauðsynlegt hafi verið og beri að greiða honum bætur að álitum. Lögreglu hafi strax við upphaf rannsóknar mátt vera ljóst að rannsóknarhagsmunir væru ekki lengur fyrir hendi.

Um lagarök vísar stefnandi meðal annars til XXXIX. kafla laga nr. 88/2008, einkum 1. og 2. mgr. 246. gr. laganna, 67., 70. og 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem og 5. gr. og 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi verið grunaður um nytjastuld og þjófnað. Mál vegna þessa hafi fengið málsnúmerið 007-2018-185 í kerfum lögreglu. Með bréfi embættisins 4. maí 2018 hafi stefnanda verið tilkynnt að rannsókn á meintum nytjastuldi hans hefði verið hætt. Tekið er fram að til rannsóknar hjá lögreglu hafi einnig verið tvö önnur mál sem vörðuðu stefnanda. Annars vegar mál nr. 007-2018-209 sem varðaði meintan þjófnað stefnanda, brot á lyfjalögum, akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og akstur án ökuréttinda, en það sé enn til meðferðar hjá ákærusviði embættisins. Hins vegar mál nr. 007-2018-262 sem varði stolin skotvopn frá [...]. Þar hafi verið talið sjást til þeirrar bifreiðar sem stefnandi var á við handtöku en hann hafi ekki réttarstöðu sakbornings í því máli.

Tekið er fram að uppi hafi verið rökstuddur grunur um nytjastuld stefnanda og þátttöku hans í stórfelldum þjófnaði þrátt fyrir neitun hans, auk þess sem hann hafi viðurkennt akstur undir áhrifum fíkniefna og án ökuréttinda. Þá hafi sést til sömu bifreiðar og stefnandi var á hjá [...] þar sem vopnum hafi verið stolið og hafi vaknað grunur lögreglu um þátttöku hans í þeim verknaði. Í skýrslutöku hjá lögreglu hafi stefnandi viðurkennt að hann hefði verið beðinn um að færa bifreiðina en neitað að upplýsa hver hefði óskað eftir því. Hann hafi svarað því aðspurður að þeir hefðu verið tveir í bifreiðinni en ekki viljað upplýsa hver hefði verið með honum. Þá hafi stefnandi ekkert sagst vita um þá muni sem fundust í bifreiðinni utan nokkurra sem hann sagði féлага sinn hafa stolið. Hann hafi greint frá því að hafa verið í bifreiðinni á meðan samverkamaður hans, sem hann nafngreindi, stal hluta þeirra muna sem þar fundust. Þó stefnandi hafi neitað að hafa átt þátt í nytjastuldi og þjófnaði hafi verið ljóst af framburði hans að hann vissi meira en hann lét uppi. Auk þess hafi hann ekið rակleitt burt frá [...] þegar eigandi verkstæðisins hugðist gefa sig á tal við féлага hans, en sú hegðun hafi eðlilega fellt á hann grun um þátttöku í umræddu broti. Rannsóknin hafi verið á frumstigi og verið ljóst að sakborningar væru fleiri en vitað væri um. Hafi því augljóslega verið mikil hætta á að stefnandi gæti torveldað rannsóknina gengi hann laus og verið nauðsynlegt að krefjast gæsluvarðhalds. Þá hafi Héraðsdómur

Reykjaness fallist á að skilyrði a-liðar 1. mgr. 95. gr. og b-liðar 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008 væru uppfyllt.

Stefnandi hafi verið leystur úr gæsluvarðhaldi að lokinni skýrslutöku um kl. 13:00 hinn 4. janúar 2018. Á meðan hann sætti gæsluvarðhaldi hafi verið unnið að rannsókn málanna þriggja. Innbrotsvettvangur hafi meðal annars verið rannsakaður, ætlað þýfi verið myndað og rannsakað og húsleit farið fram á heimili eins sakborninga. Annar sakborningur í málinu hafi verið handtekinn rétt fyrir miðnætti 1. janúar 2018 og verið yfirheyrður 2. janúar, eins og stefnandi. Hinn 4. janúar 2018 hafi þriðji aðilinn síðan verið handtekinn. Að þessu virtu hafi stefnanda ekki verið haldið í gæsluvarðhaldi lengur en efni stóðu til.

Áréttað er að stefnandi hafi enn réttarstöðu sakbornings í máli nr. 007-2018-209 sem varði meintan þjófnað, akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, akstur án ökuréttar og brot gegn lyfjalögum. Séu skilyrði 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 því ekki uppfyllt, en líta þurfi á framangreind mál sem eina heild. Þá er byggt á því að stefnandi hafi sjálfur valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á og eigi því ekki rétt á bótum, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. sömu laga. Því til stuðnings vísast til framangreinds og er lögð áhersla á að stefnandi hafi ekið bifreið sem hann vissi að væri stolin undir áhrifum fíkniefna og leynt vitneskju sinni um málsatvik. Stefnandi hafi verið handtekinn á stolinni bifreið, ökuréttindalaus og undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Hann hafi neitað að upplýsa hver hefði afhent honum bifreiðina og jafnframt sagst ekkert vita um muni sem fundust í bifreiðinni utan nokkurra sem væru stolnir. Samkvæmt framangreindu hafi verið uppi rökstuddur grunur um að stefnandi hefði meðal annars gerst sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga sem varði fangelsisrefsingu allt að sex árum. Vegna rannsóknarhagsmuna hafi verið nauðsynlegt að úrskurða stefnanda í gæsluvarðhald svo hann gæti ekki torveldað rannsóknina, enda ljóst að fleiri hefðu komið að málinu en þeir tveir sem voru handteknir í upphafi. Það hafi ekki verið fyrr en í skýrslutöku 4. janúar 2018 sem stefnandi hafi greint frá málavöxtum og að því loknu hafi hann verið leystur úr haldi.

Því er mótmælt að stefndi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt öðrum réttarheimildum, þar með talið stjórnarskránni, mannréttindasáttmálanum, almennu sakarreglunni og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá séu sjónarmið um þetta vanreifuð í stefnu. Aðgerðir lögreglu hafi byggst á málefnalegum sjónarmiðum og verið að fullu í samræmi við lagaheimildir. Því er mótmælt að stefnandi hafi orðið fyrir mannorðsmissi, þjáningum og óþægindum vegna rannsóknar lögreglu, frelsissviptingar og málaferla. Þá séu ekki skilyrði til að dæma bætur vegna „málaferla“.

Varakrafa um lækun kröfu stefnanda er studd við framangreindar málsástæður og lögð áhersla á að stefnukrafa sé allt of há. Lækka beri bætur þar sem stefnandi hafi valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Ekki séu uppfyllt skilyrði til að dæma bætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga eða öðrum reglum skaðabótaréttar og beri í öllu falli að lækka kröfu stefnanda verulega vegna eigin sakar hans.

IV

Niðurstaða

Stefnandi krefst í máli þessu miskabóta vegna gæsluvarðhalds sem hann sætti frá 2. til 4. janúar 2018. Krafan er aðallega byggð á 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, sbr. áður 1. mgr. 228. gr. sömu laga. Samkvæmt lagaákvæðinu á maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, rétt til bóta úr hendi stefnda ef mál hans er felld niður eða hann hefur verið sýknaður með endanlegum dómi, án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. ákvæðisins er tekið fram að dæma skuli bætur vegna aðgerða samkvæmt IX. til XIV. kafla laganna ef skilyrði fyrstu málsgreinar eru fyrir hendi. Þar er þó einnig tekið fram að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem krafa hans er reist á.

Það liggur fyrir að stefnandi var að kvöldi 1. janúar 2018 handtekinn í bifreið sem hafði verið stolið ásamt tveimur öðrum frá verkstæði og fundust í henni munir sem lögregla taldi vera þýfi. Stefnandi gaf skýrslu hjá lögreglu 2. janúar og kom fram að hann hefði verið beðinn um að færa umrædda bifreið, en hann vildi hins vegar ekki nafngreina þann aðila sem afhenti honum bifreiðina. Hann veitti upplýsingar um nokkra muni sem fundust í bifreiðinni, en kvaðst ekkert vita um aðra. Samkvæmt þessu var stefnandi grunaður um aðild að máli sem varðaði nytjastuld á þremur bifreiðum, þar með talið þeirri bifreið sem hann ók þegar hann var handtekinn. Ráðið verður af gögnum málsins að málið hafi verið nr. 007-2018-185 í kerfum lögreglu. Af úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 2. janúar 2018 verður ráðið að stefnandi hafi jafnframt verið grunaður um aðild að máli, sem var nr. 007-2018-262, þar sem fimm haglabyssum hafði verið stolið frá [...] um svipað leyti. Krafa lögreglu um að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi var þannig reist á því að hann lægi undir rökstuddum grun um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga vegna þessara tveggja mála og að brýnt væri vegna rannsóknarhagsmuna að hann sætti gæsluvarðhaldi. Með úrskurði héraðsdóms var stefnanda, eins og áður greinir, gert að sæta gæsluvarðhaldi og einangrun allt til 5. janúar 2018 kl. 16:00, sbr. a-lið 1. mgr. 95. gr., sbr. 2. mgr. 98. gr., laga nr. 88/2008. Stefnandi var yfirheyrður í annað skipti hinn 4. janúar 2018, en að svo búnu var hann leystur úr haldi.

Samkvæmt gögnum málsins var stefnanda tilkynnt 4. maí 2018 að rannsókn á meintum nytjastuldi hefði verið felld niður, en um var að ræða mál nr. 007-2018-185. Stefndi hefur staðfest að stefnandi sé ekki grunaður um aðild að máli sem varðar rannsókn á vopnum sem var stolið frá [...], en engin gögn liggja fyrir sem varða réttarstöðu stefnanda vegna þess máls að undanskildum fyrrgreindum úrskurði um gæsluvarðhald. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að þau mál sem voru tilefni gæsluvarðhalds stefnanda hafi verið felld niður hvað hann varðar í skilningi 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Það getur engu um það breytt þó að stefndi hafi lagt fram gagn þar sem fram kemur að stefnandi hafi enn réttarstöðu sakbornings í máli nr. 007-2018-209. Það mál virðist einkum varða akstur stefnanda án ökuréttinda undir áhrifum ávana- og fíkniefna, en sú háttsemi var ekki tilefni gæsluvarðhalds hans. Þá verður stefndi að bera hallann af óskýrleika hvað varðar meint brot stefnanda í því máli sem enn er til meðferðar hjá lögreglu.

Eins og rakið hefur verið sætti stefnandi gæsluvarðhaldi og einangrun frá 2. til 4. janúar 2018 eða í um tvo sólarhringa, sbr. XIV. kafla laga nr. 88/2008, en fram kom við munnlegan málflutning að tímalengd gæsluvarðhaldsins væri óumdeild. Bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 er hlutlæg og verður réttur stefnanda til bóta ekki skertur þótt fullt tilefni hafi verið til aðgerða lögreglu gagnvart honum og lagaskilyrði fyrir þeim uppfyllt. Stefnandi á því rétt á bótum nema því verði slegið föstu að hann hafi valdið eða stuðlað að rannsóknaraðgerðum, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu stefnda hefur einkum verið vísað til þess að stefnandi hafi verið handtekinn þar sem hann ók stolinni bifreið án ökuréttinda og undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Þá hafi hann neitað að upplýsa um hver hefði afhent honum bifreiðina og leynt upplýsingum sem vörðuðu málsatvik, en vegna þessa hafi hann sjálfur valdið því að honum var gert að sæta gæsluvarðhaldi.

Að mati dómsins verður að líta til þess að þegar stefnandi var handtekinn ók hann bifreið sem hann vissi að hafði verið stolið fyrr um kvöldið án ökuréttinda og undir áhrifum vímuefna. Verður því að líta svo á að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að handtöku sinni og þeirri frelsissviptingu sem henni fylgdi. Til þess er að líta að stefnandi viðurkenndi þessa háttsemi við fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu daginn eftir að hann var handtekinn. Þá tók hann jafnframt fram að maður sem hann vildi ekki nafngreina hefði beðið hann um að keyra bifreiðina í bílageymslu við [...], auk þess sem hann skýrði frá því að lyklar að verkstæðinu hefðu verið fengnir frá Pólverja sem hann gat ekki nafngreint. Með þessu skýrði stefnandi að ákveðnu leyti frá aðkomu sinni að málinu, en neitaði aftur á móti að greina frá nafni þess manns sem hefði beðið hann um að færa bifreiðina umrætt sinn. Við skýrslutöku 4. janúar 2018 á meðan stefnandi sætti gæsluvarðhaldi skýrði hann með svipuðum hætti frá aðkomu sinni að málinu en gerði þó skýrari grein fyrir atburðarásinni. Þá nafngreindi stefnandi þann

mann sem hafði fengið hann til verksins og verður ekki annað séð en að hann hafi svarað öllum spurningum lögreglu. Líta verður til þess að lögregla hafði til rannsóknar mál sem varðaði þjófnað á þremur bifreiðum frá verkstæði að kvöldi 1. janúar 2018, auk þess sem þjófnaður á haglabyssum frá húsnæði í nágrenninu var talinn tengjast því máli. Stefnandi gat strax við skýrslutöku 2. janúar, áður en sett var fram krafa um gæsluvarðhald, upplýst lögreglu nánar um atvik og hver það hefði verið sem fékk hann til verksins. Hann kaus aftur á móti að veita ekki þær upplýsingar fyrr en við skýrslutöku hjá lögreglu 4. janúar og svaraði hann þá öllum spurningum sem fyrir hann voru lagðar, en að svo búnu var honum sleppt úr haldi. Þó að stefnanda hafi verið frjálst að neita að svara spurningum lögreglu sem vörðudu sakarefnið, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 88/2008, þá mátti honum vera ljóst mikilvægi þess að veita lögreglu upplýsingar um málsatvik, þar með talið um þann aðila sem fékk stefnanda til þess að færa bifreiðina. Með vísan til framangreinds og að virtum öðrum atvikum málsins verður að líta svo á að stefnandi hafi stuðlað að því gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarhagsmuna sem hann sætti og hann krefst bóta fyrir í skilningi 2. málsliðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í máli nr. 457/2009 og frá 12. október 2000 í máli nr. 175/2000.

Stefnandi hefur jafnframt byggt á því að gæsluvarðhaldið hafi varað lengur en nauðsynlegt hafi verið. Svo sem áður greinir var stefnanda sleppt úr haldi um leið og hann hafði svarað spurningum lögreglu við síðari skýrslutökuna 4. janúar 2018. Þá var útskýrt í skýrslum tveggja lögreglumanna fyrir dómi að unnið hefði verið með ýmsum hætti að rannsókn málsins á meðan á gæsluvarðhaldi stefnanda stóð. Að þessu virtu verður ekki fallist á að gæsluvarðhald stefnanda, sem varði í um tvo sólarhringa, hafi staðið yfir lengur en efni stóðu til og á hann ekki rétt til bóta á þeim grunni.

Að þessu virtu verður hvorki fallist á aðalkröfu né varakröfu stefnanda, sbr. 2. málslið 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, og getur hún ekki heldur sótt stoð í 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar sem ber að túlka í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar, þar með talið um eigin sök. Þá fær krafan ekki heldur stoð í öðrum málsgreinum 67. gr., 70. eða 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, eða öðrum reglum sem stefnandi hefur vísað til.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Rétt þykir að málskostnaðar á milli aðila falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar við rekstur málsins fyrir héraðsdómi samkvæmt gjafsóknarleyfi útgefnu 5. mars 2019. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ómars R. Valdimarssonar, sem telst hæfilega ákveðin 700.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, X.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hans, Ómars R. Valdimarssonar, að fjárhæð 700.000 krónur.

Ásgerður Ragnarsdóttir (sign.)